

Huldufólk í raun - Hidden Figures

Ugla 9
8. bekkur
Víkurskóli



MARY JACKSON

KATHERINE JOHNSON

DOROTHY VAUGHAN



Um söguna

Sönn saga þriggja kvenna sem störfuðu hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar og áttu stóran þátt í að Mercury-geimferðaráætlunin heppnaðist en hún snerist um að koma geimfarinum John Glenn á sporbaug um jörðu – og síðan heilum á húfi til baka. Það fylgdist allur heimurinn með þessari áhættusömu tilraun og geimfarinn John Glenn varð heimsfrægur fyrir vikið sem fyrsti maðurinn sem komst á sporbaug um jörðu.

Færri vissu hins vegar að á bak við velgengni geimferðarinnar stóðu m.a. stærðfræðingarnir **Dorothy Vaughan** og **Katherine G. Johnson** ásamt verk- og vélfræðingnum **Mary Jackson**, en þær voru allar svartar á hörund og þurftu því ekki bara að glíma við verkefnið sjálft heldur margskonar fordóma bæði samfélagsins og nokkurra samstarfsmanna.

Minnihlutahópar

- *týnt fólk í tímans rás*

Í myndinni, sem ber svo sannarlega nafn með réttu, er sýnt hvernig sagan hefur litið fram hjá minnihlutahópum (í þessu tilfalli konum og svörtum) í gegnum tíðina.

Því miður er þetta einungis eitt af óteljandi dæmum þar sem sönnu hetjurnar komust ekki í sögubækurnar.

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur betur réttindabaráttu minnihlutahópa (kvenna, svartra, hinsegin o.s.frv.).



Á meðan mynd er í gangi...


...ætlumst við til að þið glósið niður á blað
allt sem þið mögulega getið!

verkefnin sem unnin verða úr myndinni
krefjast þess að þið fylgist vel með og getið
bæði rakið söguna í heild sem og greint frá
einhverju atriði í smáatriðum!

Verkefnin sem fylgja myndinni

1. Glósur
2. Tímalína
3. Teiknimyndasaga





Hæfniviðmið sem verða metin:

Glósurar:

SR16: Greint afmarkaða efnispætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar.

Tímalínan:

ÍR6: Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Teiknimyndasagan:

SR25: Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagsshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.

Glósumnar. Einstaklingsverkefni

Það sem verður metið

- Innihalda glósumnar aðalatriðin í myndinni?
- Eru glósumnar skipulagðar eða í belg og biðu?
- Er málfar gott og stafsetning í lagi?

Hæfniviðmið

SR16: Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar

Skilafrestur: 14. apríl.

Tímalínan. 2 og 2 saman

Munið að hafa glósurar fyrir framan ykkur. Þær munu nýtast vel hér

Tímalína:

- Setjið upp tímalínu myndarinnar í canva (farið eftir leiðbeiningum á Classroom)
- Þið þurfið að hafa minnst 10 merkilega atburði sem útskýra sögu þessarar myndar
- *Sá sem ekki hefur séð myndina og/eða veit ekkert um sögu þessara þriggja kvenna á að skilja um hvað myndin er í aðalatriðum og hvað gerist með því að lesa yfir tímalínuna ykkar.*
- Þið fáið tvær kennslustundir til að ljúka við tímalínuna.

Hæfniviðmið:

ÍR6: Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.

Skilafrestur: 16. apríl

Teiknimyndasaga. 2 og 2 saman

Munið að hafa glósurar fyrir framan ykkur. Þær munu nýtast vel hér

Teiknimyndasaga:

- Hafið **minnst** 6 ramma!
- Veljið ykkur atriði úr myndinni og setjið það fram sem teiknimyndasögu
- *Sá sem ekki hefur séð atriðið ætti að geta skilið það með því að lesa yfir teiknimyndasöguna ykkar.*
- Þið fáið þrjár kennslustundir til að ljúka teiknimyndasögunni.

Hæfniviðmið:

SR25: Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.

Skilafrestur: 19. apríl